

**Kynlandar<sup>1)</sup> í Berlín.**

*Baldvin Einarsson og Harro  
Magnussen.*

Í einu af brjefum sínum heim getur Baldvin Einarsson um konu sína og barn á þann hátt, að lesandanum rennur til rifja þegar hann minnst þess, að skömmu síðar dó Baldvin, með þeim sorglegu atvikum, sem kunnug eru. Einar, þetta barn, sem Baldvin getur um, lifir ennþá. Einar á son einn barna, sem Baldvin heitir, og er þessi Baldvin Einarsson ungur embættismaður í Berlín, riðinn við útgáfu á einum þætti stjórnartíðindanna, að því er mjer skilst. Vjer Íslendingar erum svo ættminning þjóð, og minning Baldvins frá

1) Jónas Hallgrímsson býr til orðið kynlandi um Thorvaldsen, og mun hverjum auðskilið, hvað það þýður,

Hraunum er að verðleikum í svo miklum heiðri höfð hjá oss, að flestum þykir sjálsagt fróðleikur í að

vita, að hann á niðja í útlöndum. Estir myndinni að dæma, sem alkunn er, svipar Baldvin yngra talsvert til afa síns, enda hafði amma hans, ekkja Baldvins, sem lifði til hárrar elli, oft haft orð á því, hvað líkur hann væri afa sínum. Baldvin Einarsson er maður í herra lagi og allra manna fríðastur sínum. Líklega hefur afi hans, Baldvin, verið fríður maður; hann og Þorsteinn Helgason eru víst einu mennirnir, sem Jónas lætur getið til fegurðar í kvæðum sínum, og var auga Jónasar vel treystandi í þeim efnum, eins og kunnugt er. Baldvin Einarsson hinn þýski hefur talsvert ritað í blöð, flest eða allt um verslunar- og tollmál, að því er jeg hygg. Honum hetur oft leikið hugur á að koma til Íslands, þó að ekki hafi hann getað komið því við ennþá.

*Harro Magnussen* er myndasmiður og einn af heldri eða helstu listamönnum, sem Þjóðverjar eiga nú. Gefur á að líta þegar komið er inn í starfskála hans þann hinn mikla í Grünervald. eru þar frummyndir og eftirmyndir, leirmyndir, eirmyndir og gipsmyndir, sem sumar eru mjög frægar orðnar, eins og myndir hans af Friðriki mikla. Harro Magnussen er meðalmaður á vöxt, þrekinn um

herðar, svippungur nokkuð og mikil-eygur, stiltur í máli og rómurinn mikill yfir málinu, eins og sagt er um

Sverri konung. Fara saman í andliti hans einkennin, sem lýsa tilfinningamanninum — án afburða næmra tilfinninga er enginn afburða listamaður — og hins vegar kjarkmanninum, sem hefur haft það afl, sem þarf til að koma sjer og sínu fram.

Sú saga er til í ætt Magnussens, að langafi hans hafi komið barn að aldri frá Íslandi, og virðist ekki mjög líklegt, að slíkt sje tilbúningur einn. Harro Magnussen hefur einnig fengið við ritstörf; hvað mikið veit jeg ekki; ber það, sem jeg hef sjeð eftir hann, vott um drenglund og frjálshlyndi. Ekki mintist Magnussen á það sjálfur, en aðrir hafa sagt mjer, að Vilhjálmur keisari hafi miklar mætur á Harro Magnussen, og þó fremur fyrrum en nú; mun keisara þykja hann frjálshlyndari en góðu hófi gegnir.

Harro Magnussen hefur lengi leikið hugur á að koma til Íslands, og kvaðst hann nú ætla að láta verða úr því í sumar. Er varla öðru trúandi, en að honum verði vel tekið.

Þess er vert að geta, að hjá Harro Magnussen var norskur myndasmiður, sem kvaðst vera kunnugur þeim Ásgrími og Einari Jónssonum, og ljét hann mikið yfir listgáfu þeirra frænda.

*Helgi Pjeturss.*